



Vinnuvernd
er allra hagur
**ÁHÆTTUMAT
EFNA Á
VINNUSTAÐ**



Berskjaldað starfsfólk og hættuleg efni

Helstu atriði

- Áhættumat og forvarnarráðstafanir á vinnustað gagnvart hættulegum efnum, þarf að taka sérstakt tillit til hópa starfsmanna sem eru berskjaldaðir og sérstakrar áhættu.
- Áhættan gæti verið meiri ef starfsmenn eru reynslulitlir, óupplýstir, líkamlega berskjaldaðir, skipta oft um vinnu, vinna í geirum þar sem skilningur á efnahættum er lítill, vegna meiri eða öðruvísi lífeðlisfræðilegrar æmni (t.d. vegna aldurs eða kynbundinna eiginleika).
- Sérstakir hópar sem þarf að huga að eru ungir starfsmenn, eru nýir í starfi, viðhaldsstarfsmenn, farandverkfólk, starfsmenn undirverktaka, starfsmenn með heilsufarsleg vandamál, barnshafandi konur og konur með barn á brjósti og starfsmenn í þjónustugreinum með litla vitund, sem oftar en ekki eru atvinnugreinar með hátt hlutfall kvenna.
- Starfsmenn sem vinna á mismunandi stöðum geta verið útsettir fyrir ýmsum hættulegum efnum, oft mismunandi mill staða. Samræmd nálgun milli yfirmanns starfsmanns og yfirmanna húsnæðisins er mikilvæg. Miðlun viðeigandi upplýsinga milli þessara aðila, þar með talið starfsmanna sjálfra, skiptir miklu máli.
- Atvinnurekendur eiga að kynna sér löggjöf varðandi þessi mál til að þeir búi yfir vitneskju um nákvæmar kröfur varðandi öryggi og heilsu á vinnustöðum, banni við tegundum vinnu, vinnu barna og unglinga, ýmsar takmarkanir og leyfiskröfur.

Vinnuvernd er allra hagur, áhættumat efna á vinnustað

Evrópska vinnuverndarstofnunin (EU-OSHA) var með átak um alla Evrópu á árunum 2018 og 2019 með það markmiði að stuðla að forvörnum gegn hættunni sem fylgir hættulegum efnum á vinnustað. Markmiðið var að draga úr útsetningu hættulegra efna á vinnustöðum, með því að auka vitund um hætturnar og skilvirkar leiðir til að lágmarka þær.

Viðfangsefnið

Vinnuveitendum ber að meta þá öryggis- og heilbrigðisáhættu sem starfsmenn eru útsettir fyrir í starfi sínu. Áhættumat á að taka tillit til tiltekinnna hópa starfsmanna sem kunna að vera í meiri hættu, t.d. ungir starfsmenn, þeir sem eru nýir í starfi, viðhaldsstarfsmenn, farandverkamenn, starfsmenn undirverktaka, starfsmenn með heilsufarsleg vandamál, barnshafandi konur, konur með barn á brjósti og þjónustustarfsmenn á borð við ræstitækna sem oft eru konur. Vinnuveitendur eiga að upplýsa starfsmenn (beint eða í gegnum fulltrúa sína) um ráðstafanir til að draga úr, fjarlægja eða stjórna áhættu og hafa samráð við starfsmenn sína um þær ráðstafanir.

Áhættumat og forvarnarráðstafanir

Vinnuveitandi þarf að hafa eftirfarandi í huga:

- skipulag vinnustaðarins
- efnin sem eru í notkun á vinnustaðnum
- meðhöndlun vinnubúnaðar
- verklag við vinnu
- umfang nauðsynlegrar öryggis- og heilbrigðisþjálfunar
- hættu sem stafar af tilteknum efnum, verklagi og eðli vinnu.

Allir starfsmenn eiga rétt á:

- að vita hvaða hættur eru á vinnustað, hvað þeir verða að gera til að gæta öryggis og til hvaða aðgerða þarf að grípa ef slys eða neyðartilvik kemur upp;
- að fá upplýsingar, leiðbeiningar og þjálfun varðandi efnahættur, bæði þegar þeir hefja störf og í kjölfar breytinga á starfi eða breytinga á vinnustað (þessi þjálfun á að vera sértæk fyrir starfið og endurgjaldslaus);
- að fá nauðsynlegan hlífðarbúnað þ.m.t. persónuhlífar sér að kostnaðarlausu;
- að taka þátt í öryggis- og heilbrigðisstarfi, eins og að gera athugasemdir og tilkynna um óörugg vinnubrögð eða aðstæður og fá upplýsingar frá vinnuveitanda um slík mál.

Nýir eða ungir starfsmenn



Aukin áhætta stafar af

- skorti á reynslu af starfi í tilteknum iðnaði eða á vinnustað;
- skorti á þekkingu á starfinu og vinnuumhverfinu;
- tregðu til að benda á það sem betur má fara (eða vita ekki hvernig á að gera það);
- að hafa ekki vitneskju um núverandi eða hugsanlega áhættu;
- skorti á þroska;



Áhættumat á
vinnustað á að taka
tillit til sérstakra hópa
starfsmanna sem kunna
að vera í aukinni hættu

- ákafa til að vekja hrifningu vinnufélaga og stjórnenda.

Nýir starfsmenn á vinnustað þekkja ekki aðstæður sem getur leitt til:

- að þeir þekki ekki hættur;
- að þeir skilja ekki „augljósar“ reglur um notkun búnaðar;
- að þeir þekki ekki skipulag vinnustaðarins, einkum þar sem hættur kunna að breytast daglega;
- að þeir hansi viðvörunarmerki og reglur eða stytta sér leið í gegnum hættuleg svæði.

Sérstakar reglur gilda um unga starfsmenn, yngri en 18 ára. Hvort sem þeir eru fastráðnir eða í þjálfun (t.d. í starfsnámi), þeir mega ekki vinna verk sem:

- eru umfram líkamlega eða andlega getu þeirra;
- útsetur þá fyrir efnem sem eru eitruð eða krabbameinsvaldandi, getur haft áhrif á erfðaeftni, skaðað ófætt barn eða getur haft langvarandi áhrif á heilsu manna á annan hátt;
- felur í sér áhættu sem ólíklegt er að þeir geri sér grein fyrir eða forðast vegna skorts á reynslu, þjálfun eða ófullnægjandi vitneskju varðandi öryggismál.

Þeir sem eru yngri en 18 ára, en hafa lokið skyldunámi, geta þó unnið ofangreind störf við mjög sérstakar kringumstæður þar sem:

- starfið er mikilvægt varðandi starfsþjálfun þeirra;
- verkið er unnið undir eftirliti þar til bærs aðila;
- áhættan er lágörkuð eins og kostur er.

Vinnuveitendur eiga að:

- meta áhættu áður en ungir eða nýir starfsmenn hefja störf og vera meðvitaðir um efni sem þeir gætu komist í snertingu við
- tryggja berskjölduðum starfsmönnum starf við hæfi, sem tekur mið af þekkingu þeirra og reynslu;
- taka ekki aðeins tillit til þeirra sem eru í fullu starfi heldur einnig íhlaupastarfsmanna, til dæmis þeir sem

eru ráðnir til að aðstoða um helgar eða í skólafríum og þeir sem eru í starfsmenntun eða starfsþjálfun;

- koma á fót nauðsynlegu skipulagi, þ.m.t. tilgreindu eftirlitsfyrirkomulagi, og tryggja að yfirmenn búi yfir hæfni og tíma til að sinna hlutverkum sínum;
- bjóða upp á sérsniðna þjálfun, ungum einstaklingi gæti verið ókunnugt um „augljósa“ áhættu.

Ef ungur starfsmaður hefur efasemdir um öryggi einhverra þátta í starfi sínu, þá á hann rétt á og ber skylda til að koma áhyggjuefnum sínum á framfæri við yfirmann sinn. Hann á jafnframt rétt á að neita að vinna óörugg störf.

Farandverkafólk og fólk í tímabundnu starfi



Atvinnurekendur eiga að huga sérstaklega að:

- vandamálum varðandi tungumál og samskipti;
- grunnhæfni á borð við læsi og tölulæsi, líkamlegum eiginleikum, almennu heilsufari og viðeigandi starfsreynslu;
- hvort að starfsmenntun og hæfi séu samhæfð þeim sem krafist er í viðkomandi landi og hvort vottorð og skírteini séu ófölsuð;
- hugsanlegum áhrifum viðhorfa og forsenda starfsmanna sem eru nýir í starfi í landinu og viðhorfum annarra starfsmanna gagnvart nýjum starfsmönnum.

Starfsmenn skilja mögulega ekki öryggis- og heilbrigðistengda þjálfun/leiðbeiningar. Einkum geta þeir:

- misskilið mikilvægar öryggisupplýsingar sem samstarfsmenn veita eða geta ekki notað þær til að vara aðra við í neyðartilvikum;
- ekki átt samskipti á áhrifaríkan hátt við yfirmenn sína;
- ekki skilið hvern annan, jafnvel þó að þeir komi frá sama heimshluta eða af svipuðu þjóðerni;
- ekki þekkt hættur;
- ekki að skilið „augljósa“ reglur um notkun búnaðar;
- ekki þekkt skipulag starfsstaðar, einkum þar sem hættur hans kunna að breytast frá degi til dags, t.d. í byggingarvinnu eða ræstingum.

Atvinnurekendur eiga að:

- ganga úr skugga um að vinnumiðlanir og fyrirtæki sem nýtir krafta fólks í tímabundnu starfi, búi yfir skýru og samræmdu fyrirkomulagi til að deila öryggis- og heilsufarsupplýsingum áður fólk hefur störf;
- ganga úr skugga um að vinnumiðlanir sem miðla fólki í tímabundin störf hafi framkvæmt hæfisskoðanir þar sem við á;
- skipuleggja kynningu á starfi vandlega, nota myndir af hættum þar sem mögulegt er og veita vandaðar upplýsingar á einföldu máli eða á tungumáli starfsmanns eftir atvikum.

Starfsmenn með heilsufarsleg vandamál



Einstaklingar með heilsufarsleg vandamál geta verið næmari fyrir áhrifum vegna útsetningar hættulegra efna. Til dæmis geta sum efni valdið næmi sem hefur áhrif á húð eða öndunarfæri. Ef starfsmenn eru orðnir næmir verður að koma í veg fyrir frekari útsetningu, til dæmis með því að færa þá til í starfi. Starfsmenn með húðskemmdir, þar með talinn opinn skurð, eru næmari gagnvart útsetningu á húð þar sem efni geta borist hraðar inn í líkamann en ef húðin er óskemmd.

Heilsufarseftirlit er nauðsynlegt til að meta hvort tiltekin heilsufarsleg vandamál versna vegna útsetningar efna á vinnustað. Ef kemur í ljós að einkenni versna á að endurskoða áhrif útsetningar í starfi, endurmeta áætlun um eftirlit og þörf á að færa starfsmann til í starfi til að forðast útsetningu viðkomandi efna.

Pungaðar konur eða konur með barn á brjósti



Samkvæmt reglugerð nr. 931/2000, ættu barnshafandi konur eða konur með barn á brjósti ekki undir neinum kringumstæðum að vera skylt að gegna störfum þar sem mat hefur leitt í ljós hættu á útsetningu fyrir efnum sem stofna öryggi þeirra eða heilsu í hættu. Atvinnurekendur eiga að meta öryggis- og heilsufarstengda áhættu jafnframt hugsanleg áhrif á meðgöngu eða brjóstagjöf, og gera viðeigandi ráðstafanir.

Viðkomandi starfsmenn geta verið í hættu vegna verklags, vinnuaðstæðna jafnframt vegna liffræðilegra og efnafræðilegra aðstæðna. Áhætta getur verið breytileg eftir heilsu viðkomandi og mismunandi stigum meðgöngunnar. Áhætta felur í sér:

- útsetningu fyrir smitsjúkdómum;
- útsetningu fyrir blýi;
- útsetningu fyrir öðrum hættulegum efnum.

Ekki þarf að meta þessa áhættu sérstaklega, heldur skal meta hana sem hluta af heildaráhættumati. Vinnuveitendur gætu þurft að endurskoða áhættumat meðan á meðgöngu konunnar stendur og:

- aðlaga vinnuskilyrði og/eða vinnutíma tímabundið;
- bjóða upp á aðra viðeigandi vinnu eða;
- mögulega senda hana í launað leyfi.

Starfsmenn þurfa deila með vinnuveitendum eða trúnaðarlækni, öllum ráðum frá læknum eða ljósmæðrum, svo nýta megi þær upplýsingar við gerð áhættumats.

Starfsmenn í þjónustustörfum og kynbundin málefni



Konur og karlar starfa oft í mismunandi starfsgreinum og sinna oft mismunandi verkefnum. Því má gera ráð fyrir að kynin séu útsett fyrir mismunandi hættulegum efnum. Konur eru t.d. oft í þjónustugreinum (ræstingar og heilbrigðisstörf) sem oft einkennast af lítilli vitneskju um hættu sem stafar af hættulegum efnum.

Það getur einnig verið kynjamunur á því hvernig sum hættuleg efni brotna niður eða safnast upp í líkamanum.

Áhættumat ætti að taka tillit til kyns starfsmanna og greina þannig minna augljósar hættur og heilsufarsvandamál sem eru algengari hjá kvenkyns starfsmönnum. Þetta á að fela í sér:

- að meta og eftir atvikum mæla hættuleg efni sem eru ríkjandi í umhverfi þar sem karlar og konur starfa;
- að huga að sérstökum áhrifum hættulegra efna á heilsu kvenna, þar með talið æxlunarheilsu, og eftir atvikum grípa til aðgerða til að draga úr útsetningu kvenna;
- að greina á skipulegan hátt hvaða vandamál kvenkyns og karlkyns starfsmenn upplifa í starfi;

- að forðast að álykta án skoðunar, varðandi það sem er „léttvægt“ og hverjir kunna að verða fyrir útsetningu;
- að taka tillit til allra starfsmanna, þar á meðal t.d. ræstitækna og þjónustustarfsmanna;
- að hvetja konur til að tilkynna um málefni sem þær telja að geti haft áhrif á öryggi þeirra og heilsu í vinnunni, svo og heilsufarsvandamál sem kunna að tengjast vinnu;
- að framkvæma heilsueftirlit eftir því sem við á, miðað við störf karla og kvenna;
- að gæta þess að matsaðilar búi yfir fullnægjandi upplýsingum og þjálfun um kynbundin málefni á sviði öryggis og heilbrigðis á vinnustaðum;
- að taka mið af fjölbreyttu vinnuafli og aðlaga vinnu og forvarnaráðstafanir í samræmi við það, t.d. velja hlífðarbúnað til að mæta þörfum einstaklinga og búnað sem hentar konur og körlum sem eru „ekki meðalmenn“;
- að fá konur á vinnustaðnum til að taka þátt í ákvarðanatöku og framkvæmd lausna;
- að gæta þess að konum jafnt sem körlum séu veittar öryggis- og heilbrigðisupplýsingar og þjálfun sem skiptir máli fyrir störfun sem þau gegna og tryggja að starfsmenn í tímabundnu starfi og frá vinnumiðlunum taki líka þátt.

Heimildir: Vefsíður evrópsku og bresku vinnuverndarstofnunarinnar um berskjaldaða starfsmenn (<http://www.hse.gov.uk/vulnerable-workers/>).

Frekari upplýsingar

OSHWiki grein: Hættuleg efni og berskjaldaðir hópar
https://oshwiki.eu/wiki/Dangerous_substances_and_vulnerable_groups

EU-OSHA vefsíður um ungt fólk (<https://osha.europa.eu/is/themes/young-workers>) og konur og OSH (<https://osha.europa.eu/is/themes/women-and-health-work>)


Upplýsingablað 43: Aðlögun áhættumats að kynbundnum þáttum
<https://osha.europa.eu/en/publications/factsheet-43-including-gender-issues-risk-assessment/view>

Upplýsingablað 64: Vernd fyrir ungt fólk á vinnustaðnum
<https://osha.europa.eu/en/publications/factsheets-64-protection-young-people-workplace/view>

E-staðreynd 66: Viðhald og hættuleg efni
<https://osha.europa.eu/is/tools-and-publications/publications/e-facts/e-fact-66-maintenance-and-hazardous-substances/view>

E-staðreynd 41: Ræstitækna og hættuleg efni
<https://osha.europa.eu/en/publications/e-fact-41-cleaners-and-dangerous-substances/view>

[#EUhealthyworkplaces](#)



www.healthy-workplaces.eu